

## Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 28. ágúst 2023 í máli nr. 17/2023

Kærunefndina skipa í þessu máli lögmennirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

### I

#### Aðild og kröfugerð

Þann 16. febrúar 2023 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili greiði henni hluta greidds flutningskostnaðar söluhlutar.

### II

#### Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með bréfi, dags. 24. febrúar 2023, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til kærunefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Boðið var ítrekað með ábyrgðarbréfi dags. 29. mars 2023 sem mótttekið var af varnaraðila þann 30. sama mánaðar. Nefndinni bárust ekki andsvör frá varnaraðila.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, tilboð varnaraðila dags. 8. september 2022, reikningar [...] vegna flutnings dags. 15. og 19. desember 2022 ásamt staðfestingum á greiðslu þeirra og afrit af skriflegum samskiptum aðila.

Með bréfi, dags. 25. ágúst 2023, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

### III

#### Málsatvik og ágreiningsefni

Samkvæmt gögnum máls óskaði sóknaraðili eftir tilboði varnaraðila í smíðaða útihurð. Gerði varnaraðili sóknaraðila tilboð í söluhlutinn með tölvupósti 8. september 2022. Þann 13. september 2022 sendi sóknaraðili varnaraðila tölvupóst með spurningum um tiltekinn aukakostnað við smíði hurðarinnar og greiðslufyrirkomulag. Þá óskaði sóknaraðili jafnframt eftir því að varnaraðili myndi hafa samband við hana þegar hurðin væri tilbúin til afhendingar þar sem hún hugðist sjálf semja við smærra flutningsfyrirtæki um flutning hurðarinnar til [...]. Í svari varnaraðila degi síðar segir eftirfarandi varðandi flutninginn: „*Við afhendum vöruna á lager hér á [...] og þið takið við þar*“. Meðfylgjandi tölvupóstinum var jafnframt uppfært tilboð varnaraðila í hurðina. Í kjölfarið samþykkti sóknaraðili það tilboð og greiddi varnaraðila fyrir hurðina. Sóknaraðili kveðst svo hafa leitað til flutningsfyrirtækisins [...] og beðið þá að annast flutninginn vestur. Hafi fyrirtækið upplýst hana um að flutningurinn myndi kosta 20.000 krónur.

Að sögn sóknaraðila hafi varnaraðili hins vegar sent sóknaraðila hurðina með flutningsfyrirtækinu [...] nokkrum dögum áður en afhending skyldi fara fram að [...]. Hafi [...] krafði sóknaraðila um tvær greiðslur vegna flutninga, annars vegar með reikningi, dags. 15. desember 2022 að fjárhæð 27.251 króna vegna flutnings hurðarinnar frá verksmiðju varnaraðila á [...] til [...] og hins vegar með reikningi, dags. 19. desember, að fjárhæð 8.776 krónur vegna flutnings glers í hurðina frá verksmiðju

varnaraðila á [...] til [...]. Alls hafi flutningskostnaður numið 36.027 krónum. Kveðst sóknaraðili hafa greitt umkrafið flutningsgjald til að fá hurðina afhenta og talið að varnaraðili myndi greiða henni mismun á greiddu flutningsgjaldi og því gjaldi sem hún hafi verið búin að semja um við [...].

Sóknaraðili kveðst hafa reynt að fá skýringar varnaraðila á framangreindu, bæði með símtölum og tölvupósti, en án árangurs.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili greiði henni þann hluta flutningskostnaðar sem sé umfram það sem hún hefði greitt [...] fyrir flutninginn ef afhending hurðarinnar hefði farið fram í [...] líkt og aðilar hafi samið um eða 16.027 krónur.

#### IV

#### Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerð nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka hjá nefndinni og hefur hvorki skilað inn andsvörum né gögnum. Byggir niðurstaða málsins því á þeim upplýsingum og gögnum sem sóknaraðili hefur lagt fram í málinu.

Sóknaraðili keypti smíðaða útihurð af varnaraðila í september 2022. Í aðdraganda kaupanna upplýsti sóknaraðili varnaraðila um vilja sinn til að semja sjálf um flutning hurðarinnar frá varnaraðila til [...] og staðfesti varnaraðili í kjölfarið að afhending hennar færi fram á lager hans á [...]. Þá kemur fram í tilboði varnaraðila dags. 13. september 2022 í kaflanum „*Sjálfgefna forsendur*“ eftirfarandi um flutning söluhlutar: „*Flutningur á stöð R.vík*“. Þann 15. desember 2022 fékk sóknaraðili hins vegar skilaboð frá fyrirtækinu [...] þess efnis að hurðin væri tilbúin til afhendingar á [...] gegn greiðslu flutningsgjalds, alls að fjárhæð 27.251 króna. Fjórum dögum síðar fékk sóknaraðili aftur skilaboð frá [...] um að gler í hurðina væri tilbúið til afhendingar gegn greiðslu flutningsgjalds að fjárhæð 8.776 krónur. Alls nam flutningskostnaður vegna kaupanna 36.027 krónum.

Um viðskipti aðila gilda lög nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.), sbr. a. lið 1. mgr. 2. gr. laganna. Lögin eru ófrávíkjanleg samkvæmt 3. gr. þeirra. Um afhendingu söluhlutar er fjallað í II. kafla þeirra en í 5. gr. þeirra segir eftirfarandi um afhendingarstað:

*„Söluhlut skal hafa til reiðu til viðtöku á þeim stað þar sem seljandinn hafði atvinnustöð sína þegar kaup voru gerð. Ef kaup voru gerð án tengsla við atvinnustöð seljanda ber að afhenda hlutinn hjá neytandanum. Ef seljandi hefur fleiri en eina atvinnustöð skal miðað við þá atvinnustöð sem kaupnum tengdist þegar litið er til þeirra atvika sem aðilar miðuðu við þegar kaup voru gerð. Aðilum er heimilt að semja um annan afhendingarstað.“*

Meginregla samningaréttar er sú að gerða samninga beri að halda. Aðilar kröfuréttarsambands geta í samræmi við þá meginreglu krafist þess að samningur verði efndur í samræmi við efni hans. Líkt og að framan greinir er ljóst að aðilar sömdu sérstaklega um að hin keypta hurð yrði afhent á lager varnaraðila að [...]. Þá má ráða af framlögðum tölvupósti sóknaraðila, dags. 15. desember 2022, í kjölfar skilaboða [...] um að hurðin væri til reiðu á [...], að aðilar höfðu rætt saman tveimur

dögum fyrr og sammælt um að [...] myndu sækja hurðina á lagerinn viku síðar eða þann 20. desember 2022.

Samkvæmt 1. mgr. 10. gr. nkpl. skal seljandi greiða kostnað vegna söluhlutar þar til hann hefur verið afhentur. Í athugasemdum við ákvæðið í frumvarpi til laganna segir að í 1. mgr. felist að seljandinn stendur straum af kostnaði fram að afhendingu söluhlutar en eftir þann tíma ber neytandi ábyrgð á kostnaði, nema um annað hafi verið samið. Reglan eigi við um flutningskostnað, kostnað vegna geymslu, pökkunar, tryggingar og jafnvel útflutningsgjalda.

Af gögnum máls má ráða að varnaraðili samdi við [...] um flutning söluhlutarins til sóknaraðila á [...], að eigin frumkvæði og í andstöðu við ákvæði samnings aðila um afhendingarstað. Ekkert liggur fyrir í málinu um hvers vegna afhending fór ekki fram á starfsstöð varnaraðila í samræmi við samning aðila enda hefur varnaraðili kosið að láta málið ekki til sín taka. Með vísan til alls framangreinds bar varnaraðila því að greiða [...] umþrætt flutningsgjald vegna söluhlutarins. Kröfugerð sóknaraðila lýtur að því að varnaraðili greiði sóknaraðila fjárhæð sem nemur mismuni á greiddu flutningsgjaldi hennar til [...] og tilboði [...] í þjónustuna, eða alls 16.207 krónur. Verður því ekki talið efni til annars en að fallast á kröfu sóknaraðila á hendur varnaraðila.

## V

### Úrskurðarorð

Varnaraðila, Y, ber að greiða sóknaraðila, X, 16.027 krónur.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 35.000 krónur með vísan til 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

---

Hildur Ýr Viðarsdóttir  
formaður

---

Hildur Leifsdóttir

---

Jón Rúnar Pálsson